



Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 19. október 2022

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, (uppbygging innviða), 144. mál, sem samþykkt var á 66. fundi ráðsins 17. október sl.

**Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, 144. mál
Málsnúmer 202210029**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni við frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, uppbygging innviða 144. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings leggst gegn fyrirhuguðum breytingum á skipulagslögum eins og þau koma fyrir í innsendum drögum. Með fyrirhugaðri breytingu er vegið að skipulagsvaldi sveitarfélaga og tækifærum íbúa til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Sveitafélagið Múlaþing hefur áður bent á mikilvægi þess að hafa um skipulagsmál sín að segja og má benda á skipulag haf- og strandsvæða í því samhengi.

Umhverfis- og framkvæmdaráð leggst gegn því fordæmi sem er sett er með þessari breytingu þar sem ríkisstofnun er sett ofar en stjórnvald þegar kemur að ákveðnum skipulagsmálum. Þetta fordæmi er hægt að nýta á fleiri sviðum og rýra með því enn frekar rétt sveitarfélaga og íbúa þess til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Virðingarfyllt,
f.h framkvæmda- og umhverfismálastjóra Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir,
ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði